





Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,
annastu þennan græna reit.
Blessaðu, faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig.
Hægur er dúr á daggarnótt.
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!
Jón Nordal - Jónas Hallgrímsson



Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina	Ég lifí' í Jesú nafni,
upp vex á slétttri grund	í Jesú nafni' eg dey,
fagurt með frjóvgun hreina	þó heilsa' og líf mér hafni,
fyrst um dags morgunstund,	hræðist ég dauðann ei.
á snöggu augabragði	Dauði, ég óttast eigi
af skorið verður fljótt,	afl þitt né valdið gilt,
lit og blöð niður lagði -	í Kristí krafti' eg segi:
líf mannlegt endar skjótt.	Kom þú sæll, þá þú vilt.
	<i>Hallgrímur Pétursson</i>

Blessun

Eftirspil

Ég er kominn heim

Emmerich Kálmán - Jón Sigurðsson

Prestur: sr. Práinn Haraldsson
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Söngur: Kammerkór Akraneskirku
Einsöngur: Halldór Hallgrímsson
Útfararþjónusta Akraneskirku

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða
viðstöddum að þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu
Vinaminni að athöfn lokinni*



Björn Sigurbjörnsson

Fæddur 2. ágúst 1936
Dáinn 10. september 2022



Útför frá Akraneskirku
þriðjudaginn 20. september 2022

Forspil
Ég lút í anda liðna tíð
Sigvaldi Kaldalóns

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín, enda þótt öll sé kross upphefðin mín. Hljóma skal harpan mín: ∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴ hærra til þín.	Sofanda sýndu þá sólstigans braut upp í þitt eilífa alföðurskaut. Hljómi svo harpan mín: ∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴ hærra til þín.
---	---

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.
Adams - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Heyr, himna smiður, hvers skáldið biður, komi mjúk til mín miskunnin þín. Því heit eg á þig, þú hefur skaptan mig, ég er þrellinn þinn, þú ert Drottinn minn.	Guð, heit eg á þig, að græðir mig, minnst, mildingur, mín, mest þurfum þín. Ryð þú, röðla gramur, ríklyndur og framur, hölds hverri sorg úr hjartaborg.
--	--

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meýjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.
Kolbeinn Tumason



Ritningarorð

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti' af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartabeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.
Sandell-Berg - Sigurbjörn Einarsson

Guðspjall

Einsöngur
Ég fer í nótt
A. Allison - Ómar Ragnarsson

Minningarorð

Einsöngur
Rósin
Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson

Bæn / Faðir vor

